



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Samantekt, **mars 2017**. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, www.sfk.is

Nýir rekstraraðilar tóku við Félagsheimilinu Herðubreið þann 1. mars til næstu tveggja ára. Það voru þær Sesselja Jónasardóttir og Celia Harrison í samstarfi við LungA skólann. Þau voru eini tilboðsgjafinn í útboði í rekstur og starfsemi Herðubreiðar.

Sundhöll Seyðisfjarðar lokaði þann 2. mars vegna almenns og árlegs viðhalds. Áætlað er að viðhaldið muni taka um það bil 4 vikur.

Vikuna 4. - 10. mars var Seyðisfjarðarkirkja lýst upp með gulum lit, en guli liturinn stóð fyrir vitundavakningu á Endo sjúkdómi / legslímuflakk sem leggst á konur.

Seyðisfjarðarkaupstaður og Embætti landlæknis undirrituðu samstarfssamning miðvikudaginn 8. mars um þátttöku kaupstaðarins í verkefninu *Heilsueflandi samfélag*. Heilsueflandi samfélag, er þróunarverkefni, sem miðar að því að þróa samfélagslegan ramma utan um markvissa og heildræna heilsueflingu allra aldurshópa. Meðal annars með auknum gæðum og framboði á hlutum sem gera íbúum gott.

Íslenskunámskeið á vegum Austurbrúar hófst mánudaginn 13. mars. Töluverður fjöldi erlendra íbúa sækir það.

Stórum áfanga var ná í verkefninu um *Áfangastaðinn Austurland* 22. mars þegar ný heimasíða www.austurland.is opnaði með viðhöfn á Egilsstaðaflugvelli.

Í lok febrúar fór nýr seyðfirskur vefmiðill í loftið þegar Örvar Jóhannsson opnaði *Tölvu-Skjáinn*, tolvuskjarinn.com. Ábendingum og öðru sem vilji er til að koma á framfæri má senda á netfangið tolvuskjarinn@tolvuskjarinn.com.

Í lok mars var *Aðalheiður Borgþórsdóttir* tilnefnd sem *frumkvöðull mánaðarins* hjá atvinnumalkvenna.is. Alla vinnur, í dag, meðal annars að stóru hótélverkefni og að þróa vetrarpakka og að markaðssetja veturinn á Austurlandi.

Sveitarstjórnarmál

Húsnæðisáætlun

Þann 9. mars sóttu fulltrúar kaupstaðarins ásamt fulltrúum annarra sveitarfélaga á Austurlandi kynningarfund hjá Íbúðalánasjóði um gerð húsnæðisáætlana. Í framhaldi af þeim fundi hefur verið til umfjöllunar hvort vænlegt geti verið að gera sameiginlega húsnæðisáætlun fyrir Austurland.

Sóttvarnir hafna og skipa

Um miðjan mars stóðu Sóttvarnalæknir og almannavarnadeild RLS í samvinnu við umdæmislækni sóttvarna og lögreglu innan umdæmis fyrir kynningu á Landsáætlun – Sóttvarnir hafna og skipa. Fulltrúar hafnarinnar og viðbragðsaðilar mættu á kynningarfundinn sem haldinn var á Seyðisfirði.

Landsþing sveitarfélaga

Þann 24. mars var 31. landsþing sveitarfélaga haldið. Elfa Hlín Pétursdóttir var fulltrúi kaupstaðarins á þinginu ásamt bæjarstjóra. Nánar um landsþingið hér.

<http://www.samband.is/um-okkur/sjonarmid/landstthingid-2017>. Að loknu

landsþinginu hélt Lánasjóður sveitarfélaga ársfund sinn sem bæjarstjóri sat fyrir hönd kaupstaðarins. Nánari upplýsingar um aðalfundinn má finna hér

<http://www.lanasjodur.is/um-lanasjodinn/adalfundir/adalfundur-2017/>.